



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL24040020

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Þróun og rekstur sveigjanlegrar dagdvalar í Seljahlíð*

Lagt er til að þróuð verði sveigjanleg dagdvöl í Seljahlíð fyrir eldra fólk. Áhersla verði á forvarnir, heilsueflingu, stuðning við sjálfsbjörg við athafnir daglegs lífs og jafnframt lögð áhersla á grunn heilbrigðisþjónustu. Þá bjóðist notendum að sækja þjónustuna á sveigjanlegum opnunartíma og jafnvel standi til boða sólarhringsdöl í styttri tíma. Stefnt er að því að notendur heimaþjónustu Reykjavíkur hafi forgang og þannig mun þjónustustig í heimahúsum aukast

Óskað er eftir heimild til að hefja viðræður við ríkið um rekstur sveigjanlegrar dagdvalar í Seljahlíð.

Greinargerð:

Dagdöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagdvöl fyrir aldraða er rekin samkvæmt reglugerð nr. 1245 sem sett er með stoð í 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar. Í dagdvöl skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og lækniþjónustu. Boðið skal upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Ennfremur skal boðið upp á aðstöðu til létttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins. Dagdvöl má reka sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.

Rekstur dagdvala

Samkvæmt reglugerð nr. 1245 greiðir dvalargestur 1.150 kr. fyrir hvern dvalardag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Gjaldi fyrir dvöl í dagdvalarrými er ætlað að mæta þeirri þjónustu sem notendum þjónustunnar er látin í té á meðan á dvalartíma þeirra þar stendur. Gjaldinu er einnig ætlað að mæta rekstri stofnunarinnar þó án viðhalds húsnæðisins. Nauðsynlegur flutningskostnaður notenda er innifalinn í dagdvalargjaldi. Sjúkratryggingar Íslands greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagdvalarrýmum. Gjaldið reiknast að hámarki á 30 fm fyrir dagdvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur. Viðhaldshluta í húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.



Reykjavík



Dagdvalir í Reykjavík

Dagdvöl getur verið almenn dagdvöl, sérhæfð dagdvöl fyrir fólk með heilabilun og dagdvöl með endurhæfingu. Reykjavíkurborg rekur tvær dagdvalir, annars vegar almenna dagdvöl í Þorraseli, Vesturgötu 7 og hins vegar sérhæfða dagdvöl fyrir fólk með heilabilun á Vitatorgi. Auk þess sér Reykjavíkurborg Alzheimersamtökunum fyrir húsnæði undir sérhæfða dagdvöl í Maríuhúsi og Fríðuhúsi, auk þess að vera með dagdvalaleyfi annars vegar fyrir dagdvöl sem rekin er af Eir í Eirarhúsum og hins vegar fyrir Hrafnistu á Sléttuvegi 25.

Þróun dagdvala

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar Gott að eldast 2023-2027 sem samþykkt var á fundi Alþingis þann 10. maí 2023 eru aðgerðir um þróun dagdvala með það markmið að fresta sem lengst þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimili með því að aðlaga þjónustu dagdvala þannig að hún komi betur til móts við þarfir eldra fólks sem býr heima og fjölskyldur þeirra. Samkvæmt skilgreiningu Gott að eldast getur sveigjanleg dagdvöl falið í sér sólarhringsþjónustu eða rýmri opnunartíma.

Sveigjanleg dagdvöl í Seljahlíð Hjallaseli 55

Í tengslum við þær breytingar sem nú eiga sér stað í Seljahlíð þannig að hætt verður rekstri 20 hjúkrunarrýma er nú tækifæri til að breyta starfsemi hússins sem hýsir, auk hjúkrunaríbúðanna sem verið er að losa, 45 þjónustuíbúðir. Svigrúm er því til að breyta starfsemi Seljahlíðar á þann veg að reka þar sveigjanlega dagdvöl í takt við áherslur Gott að eldast. Seljahlíð hentar sérstaklega til þessa þar sem þegar er fyrir hendi sólarhringsþjónusta í húsinu og því samlegðaráhrif af annarri starfsemi utan hefðbundins opnunartíma dagdvala.

Staðsetning dagdvalarinnar væri á 1. hæð heimilisins, gengið beint inn af bílastæði. Svæðið í heild er um 600 fm á 1. hæðinni, þar er að auki matsalur sem samnýttur er með þjónustuíbúðum, alls 120 fm, hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofa 56 fm og móttaka og skoðunarherbergi fyrir heilsufarseftirlit 56 fm. Í kjallaranum er 170 fm rými fyrir félagsstarf, leikfimi og afþreyingu sem samnýtt er með þjónustuíbúðum, auk sjúkrapjálfunarstofu. Einnig er í Seljahlíð fullbúið eldhús sem myndi sjá dagdvalargestum fyrir fæði. Framangreint rými yrði samnýtt með þjónustuíbúðum. Stefnt er að því að notendur heimaþjónustu Reykjavíkur hafi forgang og þannig mun þjónustustig í heimahúsum aukast. Með þeim hætti mun Reykjavíkurborg styðja enn frekar við að eldra fólk geti búið lengur heima samhliða því að komið er til móts við aðstandendur sem umönnunaraðila, en rannsóknir sýna að mikið álag er oft á aðstandendur veikra aldraðra sem búa sjálfstætt.

Með sveigjanlegri dagdvöl er verið að auka gæði í þjónustu með öryggi og bættum hag aldraðra að leiðarljósi. Þar mun verða veitt heildstæð og þverfagleg öldrunarþjónusta þar sem áhersla verður á flæði í þjónustu og einstaklingsmiðaða nálgun í takt við „Gott að eldast“ sem og þá stefnu yfirvalda að gera fólki kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Með hækkandi aldri og þá fjölgun sem fyrir liggur í elsta aldurshópnum er mikilvægt að





einstaklingar hafi aðgang að fjölbreyttri samþættri þjónustu. Með því að efla samtal, fjölga þjónustubáttum og styrkja þjónustukeðjuna þá vinnum við saman að því að lengja þann tíma sem aldraðir veikir einstaklingar geti búið heima og komum í veg fyrir eða seinkum innlögnum á hjúkrunarheimili.



Reykjavík